

Nd. 892. Breytingartillögur [271. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. l. nr. 26/1980.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 2. grein. C-liður falli brott.
2. Við 4. gr. ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ríkissjóði er heimilt að selja Hitaveitu Suðurnesja 33 kV háspennulínu í eigu Rafmagnsveitna ríkisins frá spennistöð við Elliðaár til Njarðvíkur svo og raforkuveitukerfi sín og stofnana ríkisins, aðveitur og dreifiveitur innan sveitarfélaga þeirra sem aðild eiga að fyrirtækinu. Á sama hátt er sveitarfélögum þeim, sem aðild eiga að fyrirtækinu, heimilt að selja því raforkuveitukerfi sín eða leggja þau fram sem stofnframlög og breytist þá eignarhlutdeild eigenda í samræmi við það.

Náist ekki samkomulag um mat á verðmætum þessum skal gerðardómur þriggja manna skera úr. Tilnefnir stjórn Hitaveitu Suðurnesja einn mann í gerðardóminn, seljandi einn, en oddamaður skal skipaður af Hæstarétti.